

Skýrsla stjórnar Sálfræðingafélags Íslands starfsárið 2018 – 2019

Félagsmenn:

Félagsmenn eru í dag alls 690 og er það fjölgun um 45 frá fyrra ári. Stéttarfélagsaðild hafa alls 496, (fagaðild innifalin). Fagaðild eingöngu hafa 78. Aukaaðild (nemar og sálfræðingar starfandi erlendis) hafa 98, heiðurs- og lífeyrisaðild hafa 26.

Árið 2018 voru gefin út 42 starfsleyfi. Til samanburðar voru 47 leyfi gefin út 2017, 48 leyfi gefin út árið 2016 og 34 leyfi gefin út árið 2015.

Fjöldi útgefinna sérfræðileyfa frá upphafi eru 127, á síðasta ári voru gefin út 24. Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis voru 2 sérfræðileyfi gefin út árið 2017 og 3 árið 2018 samkvæmt nýju reglugerðinni.

Stjórn:

Í stjórn SÍ á tímabilinu sátu: Hrund Þrándardóttir formaður, Bóas Valdórsson varaformaður, Sigríður Karen Bárudóttir gjaldkeri, Anna Kristín Newton ritari, Þóra Sigfríður Einarsdóttir meðstjórnandi, Helgi Héðinsson meðstjórnandi og Gunnhildur Gunnarsdóttir meðstjórnandi.

Kjörtímabilum Hrundar, Önnu Kristínar og Helga Lýkur á aðalfundi 2019. Hrund og Anna Kristín gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu, Helgi býður sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Önnur framboð til stjórnar eru þessi: Tryggvi Guðjón Ingason býður sig einn fram í embætti formanns og er því sjálfkjörinn. Agnes Björg Tryggvadóttir, Guðrún Ágústa Eyjólfsdóttir, Helgi Héðinsson og Óttar G. Birgisson bjóða sig fram í embætti meðstjórnenda og fer netkosning meðal félagsmanna fram dagana 31. janúar til 9. febrúar. Úrslit verða tilkynnt á aðalfundi. Önnu Kristínu eru þökkuð góð störf í þágu félagsins en hún hefur verið í stjórn frá árinu 2011.

Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði, tvo tíma í senn. Fundir stjórnar voru alls á 11 tímabilinu að meðtöldum einum og hálfum starfsdegi.

Nefndir, undirfélög og fagdeildir, samstarf innan félags:

Samninga- og samstarfsnefndir og trúnaðarmannaráð funda eftir þörfum með framkvæmdastjóra og varaformanni. Aðrar nefndir félagsins eru: Prófanefnd, Fagráð, Ritstjórn Sálfræðiritsins, Siðanefnd og Fræðslunefnd. Tvö undirfélög voru starfandi á árinu, Félag sálfræðinga á Norður- og Austurlandi og Félag framhaldsnema við sálfræði. Tvær fagdeildir voru starfandi á starfsárinu, Fagdeild um réttarsálfræði og Fagdeild sálfræðinga við skóla. Árskýrslur berast frá nefndum, undirfélögum og fagdeildum fyrir aðalfund.

Formenn nefnda, formaður og framkvæmdastjóri hittust á árlegum fundi til upplýsinga og ráðagerðar, þar fyrir utan hafa verið haldnir fundir með einstaka nefndum og undirfélögum.

Hefð hefur verið fyrir því að halda vinnugleði með stjórn, nefndum og trúnaðarmönnum að hausti. Umræða hefur verið um hvernig hægt er að bæta mætingu á vinnugleðina, hvernig viðburðurinn er

sem gagnlegastur og um leið skemmtilegur. Í ár ákvað stjórn að halda vinnugleði stuttu eftir aðalfund og hefur hann verið ákveðinn 8. mars næstkomandi. Vinnugleðin mun hefjast á stuttum fundum hvernar nefndar og trúnaðarmanna þar sem farið er yfir starfið framundan, síðan stutt samantekt yfir hópinn og loks veitingar. Ástæður fyrir þessu eru nokkrar, m.a. líta á vinnugleðina sem tækifæri fyrir nýtt fólk í nefndum til að hitta aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið, að nefndir hittist fljótlega eftir aðalfund, setji sér áætlun fyrir starfsárið, festi niður fundi osfrv.

Er það von stjórnar að störf nefnda, trúnaðarmannráðs, fagdeilda og undirfélaga auki samstarf og virkni innan félagsins, styðji við faglega þróun og gefi almennt góða sýn á mannauðinn innan félagsins. Þakkar stjórn þessum aðilum mikilvægt og gott starf á árinu.

Kjaramál:

Kjaramál eru viðvarandi viðfangsefni Sálfræðingafélag Íslands og var starfsárið engin undantekning. Þann 5. febrúar var skrifað undir kjarasamning við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Í framhaldi af því var farið í breytingar á stofnanasamningum á ákveðnum stofnunum (Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Landspítala Háskólasjúkrahús, Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja) til að breyta lögstu röðun í samræmi við það sem samið var um í kjarasamningi.

Stofnanasamningar voru einnig endurnýjaðir við Krabbameinsfélagið og SÁÁ. Anna María Frímansdóttir framkvæmdarstjóri SÍ hefur leitt þá vinnu ásamt félagsmönnum viðkomandi stofnanna.

Á starfsárinu hefur vinna við að ljúka innleiðingu starfsmats hjá sveitarfélögum tekinn mikinn tíma og er þeirri vinnu að ljúka á næstu vikum.

Undirbúningur hefur staðið yfir í vetur fyrir komandi kjarasamninga. Lagðar hafa verið fyrir viðhorfskannanir þar sem leitast hefur verið eftir sjónarmiðum félagsmanna varðandi kjör og áherslur í komandi kjaraviðræðum. Einnig hafa verið haldnir opnir fundir á vegum félagsins til að ræða niðurstöður þessara kannana og skipuleggja áherslur félagsins í komandi viðræðum. Samninganefndir hafa verið mannaðar með öflugum hópi félagsmanna og stefnt er á að viðræður við samningsaðila hefjist innan tíðar.

Fundir með trúnaðarmannaráði hafa verið að jafnaði einu sinni í mánuði á árinu en trúnaðarmannaráðið gegnir mikilvægi hlutverki varðandi kjaramálin.

Stjórn þakkar trúnaðarmönnum, félögum í samstarfsnefndum og samninganefndum fyrir mikilvægt framlag á árinu.

Félagsstarf, fastir liðir:

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri héldu kynningarfund fyrir nýja sálfræðinga. Formaður og framkvæmdastjóra ásamt formanni nemafélags SÍ héldu kynningarfund fyrir framhaldsnema á

fyrsta ári HÍ og HR. Anima, félag sálfræðinema í BS í HÍ óskaði eftir vísindaferð til Sí og tóku formaður og framkvæmdastjóri á móti félaginu.

Árlegur haustfundur var haldinn í byrjun nóvember. Stjórn ákvað þriðja árið í röð að líta til Alþjóðaheilbrigðisstofnunar hvað varðaði efnistösk á haustfundi. Geðheilbrigðisdagur Alþjóðaheilbrigðisstofnunar 10. október síðastliðinn var tileinkaður ungu fólki og geðheilsu í síbreytilegum heimi. Á haustfundi var áhersla lögð á málefni ungmenna með fjölþættan vanda, nánar tiltekið frá unglingsárum upp á þrítugsaldur, og neysluvanda. Sálfræðingarnir Funi Sigurðsson forstöðumaður Stuðla, Ingunn Hansdóttir yfirsálfræðingur SÁÁ og dósent við Sálfræðideild HÍ, Hjördís B. Tryggvadóttir teymisstjóri á dagdeild fíknigeðdeildar LSH og Birgir Örn Steinarsson sálfræðingur og annar handritshöfundar „Lof mér að falla“ héldu erindi. Ásmundur Einar Daðason Félags- og jafnréttismálaráðherra ávarpaði fundinn. Metþátttaka var á haustfundi eða um 175 manns og lauk fundi eins og áður með léttum veitingum.

Þar sem Sálfræðiþing ársins 2018 var haldið óvenju snemma árið 2018 eða í febrúar var ekki haldið Sálfræðiþing á starfsárinu 2018-2019. Næsta Sálfræðiþing er áætlað 10. til 12. apríl 2019 og er undirbúningur komin á fullt.

Umræða hefur verið innan stjórnar um breytt vinnuumhverfi þar sem sífellt fleiri sálfræðingar starfa á einkastofum með ólíku fyrirkomulagi og hvernig félagið geti þjónustað þann hóp m.a. með fræðslu.

Stjórn Sí stóð fyrir nokkrum fræðsluerindum; um nýju persónuverndarlögin, bókhald og skattamál og að síðustu um lögfræðileg álitamál í vinnu með foreldrum. Fræðsluerindin voru vel sótt og töluverður fjöldi sem fylgdist með í streymi.

Fésbókarsíða félagsins er vel nýtt til að benda á það sem sálfræðingar eru að gera vel og til ýmissa auglýsinga og skilaboða frá félaginu og BHM. Ný heimasíða félagsins var opnuð í janúar og verður fljótlega hugað að því hvaða efni á heima þar til viðbótar.

Samstarf innan BHM:

Sálfræðingafélagið er virkur þátttakandi í öllu starfi BHM og á fulltrúa í lykilinefndum. Bóas Valdórsson er varamaður í stjórn BHM og hefur setið í stjórn síðan í janúar, Sigríður Karen Bárudóttir situr í stjórn sjúkrasjóðs og Anna María Frímannsdóttir situr í kjara- og réttindanefnd.

Formannafundir eru haldnir reglulega þar sem farið er yfir mál aðildarfélaga og bandalagsins og sækir formaður þá fundi, framkvæmdastjóri situr einnig reglulega fundi innanhúss sem utan í samstarfi við BHM.

Aðildarfélög BHM sameinuðust um að kaupa 4. hæð í Borgartúni 6 þar sem eru nú skrifstofur og fundasalir. Fundasal á 3. hæð verður breytt í skrifstofur, nokkur félög stækkuðu við sig og er hlutfall Sí í heildareigninni því minna en áður.

Erlent samstarf:

Mikilvægt er að sinna erlendu samstarfi að því marki sem hægt er.

SAK: Fundir norrænu sálfræðingafélaganna (SAK) voru haldnir í Helsinki, Finnlandi í apríl og í Þórshöfn, Færeyjum í október. Að hausti var að venju fundur um kjaramál, nemafundur og fundur formanna og framkvæmdastjóra, að vori var fundur um fagmál, nemafundur og fundur formanna og framkvæmdastjóra.

EFPA: Sí á tengiliði í nokkrum nefndum EFPA. Í janúar hittust tengiliðir, formaður og framkvæmdastjóri til að fara yfir hvernig sú vinna nýtist Sí og hvað við höfum að gefa á móti. Almennt er talið að það sé gagnlegt og fróðlegt að sinna þessari vinnu sem er eins og gengur mismikil á milli nefnda. Umsókn um EuroPsy var ekki unnin frekar á árinu, ein ástæða þess er að beðið hefur verið eftir gildistöku reglugerðar um starfsþjálfunarár sem ítrekað hefur verið frestað. Sé starfsþjálfunarár fest í sessi er hugmyndin að hægt verði að óska eftir EuroPsy vottun strax við löggildingu.

Formanni er reglulega boðið á aðalfundi og ráðstefnur erlendra sálfræðingafélaga en hingað til hafa slík boð ekki verið þegin vegna forgangsröðunar á tíma og fjármagni.

Aðrar áherslur í starfi stjórnar á starfsárinu:

Aukið aðgengi almennings að sálfræðiþjónustu.

Ýmis tækifæri hafa verið nýtt í vinnu að auknu aðgengi almennings að sálfræðiþjónustu. Má þar nefna fund með heilbrigðisráðherra, greinaskrif, viðtöl í fjölmiðlum, setu formanns í pallborði á Heilbrigðisþingi ofl. Vakin er athugi á geðheilsuáttum sem og vinnu sálfræðinga s.s. viðtölum á facebook síðu félagsins.

Sérfræðileyfi.

Formaður og framkvæmdastjóri hafa fundað með fagráði og HÍ vegna stöðu á sérfræðileyfum eftir að nýja reglugerðin tók gildi og ekki er lengur hægt að sækja um samkvæmt þeirri gömlu. Umræða er m.a. um hvernig nýja reglugerðin virkar, hvort sé raunverulega hægt að vinna að sérfræðileyfi héraðs, hvernig félagið getur beitt sér fyrir því að sérfræðileyfi sé eftirsóknarvert. Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis voru alls 5 sérfræðileyfi gefin út á árunum 2017 og 2018 samkvæmt nýju reglugerðinni.

Starfsþjálfunarár.

Tillaga barst frá Heilbrigðisráðuneyti í febrúar þar sem lögð er til sú breyting á reglugerð að starfsþjálfunarár verði fellt út en bætt inn að krafa sé á verklega þjálfun fyrir þá sálfræðinga sem ætli að hefja stofurekstur. Sí mótmælti þessu harðlega í umsögn dagsettri 8. mars og ítrekaði ósk um samstarf við ráðuneytið og aðra hagsmunaaðila um útfærslu á verklegri þjálfun. Einnig var óskað eftir fundi með heilbrigðisráðherra.

Í júní barst tillaga frá Heilbrigðisráðuneyti þar sem lagt er til frestun gildistöku reglugerðar um starfsþjálfun til 1. júlí 2020. Í umsögn Sí var enn og aftur gerð krafa um að vinnuhópur yrði stofnaður hið fyrsta sem kæmist að ásættanlegri niðurstöðu svo að menntun sálfræðinga héraðs standist samanburð við menntun í nágrennalöndum.

Í september barst bréf frá Heilbrigðisráðuneyti þar sem óskað er eftir tilnefningu félagsins fyrir vinnuhóp vegna breytinga á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sálfræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi nr. 1130/2012. Tveir voru tilnefndir eins og óskað var eftir. Í janúar var skipað í hópinn, Hrund Þrándardóttir og varamaður Matthías Matthíasson. Aðrir í vinnuhópnum eru María Sæmundsdóttir frá ráðuneytinu, Anna Björg Aradóttir frá Embætti landlæknis, Jón Friðrik Sigurðsson frá HR og Ingunn Hansdóttir frá HÍ. Fyrsti fundur var haldinn 6. febrúar og var farið yfir málin. Áhersla var á starfþjálfunarstöðvar og verður það kannað betur á milli funda. Nýr formaður SÍ, Tryggvi Ingason, mun taka við af Hrund í vinnuhópnum en til að byrja með sitja bæði fundina.

Önnur mál

Alvarleg staða vitsmunaproskaprófa.

Í maí var haldinn fundur hjá Embætti landlæknis með aðilum frá embættinu, SÍ, GRR, prófanefnd, Menntamálastofnun og HÍ. Niðurstaða fundar að mikilvægt væri að finna stofnun sem tæki við leyfinu frá Pearson. Þann 12. september fundaði SÍ með Ásmundi Einari Daðasyni félags- og jafnréttismálaráðherra, þann 19. september með Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra og loks 17. október með Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra. Allir ráðherrarnir tóku undir mikilvægi þess að koma málum í rétt horf og var m.a. litið til nýlegrar viljayfirlýsingar um aukið samstarf í þágu barna.

Fundur vinnuhóps SÍ var haldinn í september þar sem farið var yfir stöðuna og möguleg skref rædd.

Bréf barst SÍ frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti þann 18. október þar sem óskað er eftir tilnefningu SÍ í starfshóp um stöðu vitsmunaproskaprófa á Íslandi. Markmið með vinnu starfshópar er að fara yfir stöðu vitsmunaproskaprófa og koma fram með tillögur til úrbóta í málaflokknum. Tilnefndir voru Orri Smáráson í prófanefnd og Álfheiður Guðmundsdóttir í fagdeild skóla. Orri var valinn af ráðuneytinu og er vinna starfshóps hafin.

Heimasíða.

Ný heimasíða fór í loftið í janúar, efni af gömlu síðunni er komið inn en til stendur að bæta inn efni sem vantar.

Dómsmál.

Stefna barst félaginu á síðasta starfsári frá fyrrverandi félagsmanni vegna áminningar og brottvikningar úr félaginu á grundvelli úrskurðar siðanefndar. Í stefnu var tekið fram að málsmeðferð félagsins hafi verið óréttmæt og meiðandi. Aðalmeðferð fór fram þann 15. maí 2018 og dómur var kveðinn upp þann 29. júní. Félagið var sýknað af miska- og skaðabótakröfum stefnanda þar sem hvorki var fallist á það að málsmeðferð né efnisleg niðurstaða hafi falið í sér saknæmt brot gegn stefnanda.

Að mati dóms fór siðanefnd og stjórn eftir siðareglum og starfsreglum. Siðanefnd hefur nú starfsreglurnar til endurskoðunar með það fyrir augum hvort þær geti verið enn skýrari og gegnsærri og mun siðanefnd skila þeim til stjórnar til samþykktar á næsta starfsári.

Umræða um gagnreynda meðferð.

Nokkur umræða varð á árinu um gagnreynda meðferð og störf löggiltra heilbrigðisstétta, hvernig og hvenær félagið beitir sér í málum, t.d. í opinberri umræðu. Umræðan verður tekin áfram á nýju starfsári.

Ráðning formanns.

Frá apríl mánuði var formaður ráðinn í hálfu stöðu við félagið og hefur nú tveggja daga viðveru á skrifstofu. Á starfsárinu hefur stjórn rætt verkaskiptingu formanns og varaformanns en hefð er fyrir því að formaður sinni fagmálum og varaformaður kjaramálum. Við ráðningu formanns á skrifstofu skapast tækifæri fyrir hann að sinna þeirri miklu vinnu sem tilheyrir kjaramálum, bæði í félaginu og í samstarfi við önnur félög BHM, kjaramál eru t.a.m. mikið rædd á formannaráðsfundum. Rök má færa fyrir því að skynsamlegra væri að formaður sinnti kjaramálum. Þetta verður rætt áfram.

Fyrir hönd stjórnar Sí,



Hrund Þrándardóttir, formaður